

## AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Grund  
nr. 65/1925 með síðari breytingum nr. 332/2016 og 1129/2016.**

### 1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

#### 1. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Tilgangur stofnunarinnar er og skal jafnan vera sá, að veita gamalmennum heimilisvist á Grund og góða umönnun með svo vægum kjörum sem frekast er unnt, eða jafnvel ókeypis þegar þess er kostur.

Í þessu skyni veitir hún viðtöku gjöfum og hvers konar styrktarfé gömlu fólk til uppeldis.

Í þeim tilgangi að reka dvalar- og hjúkrunarheimilispjónustu skal stjórn Grundar heimilt að stofna félagasamtök sem eru undir yfirstjórn og á ábyrgð hennar. Þau almennu félög sem um ræðir eru nú Dvalarheimilið Ás, kt. 430169-1229 og Mörk hjúkrunarheimili, kt. 600510-0100; en heimilt er stjórn Grundar að stofna önnur félög til reksturs dvalar- eða hjúkrunarheimila í eigu stofnunarinnar.

#### 3. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Stjórn Grundar skipa nú undirritaðir 5 – fimm – menn og skal hún jafnan skipuð fimm mönnum. Heimilt er stjórninni að kveðja sér til aðstoðar two eða þrjá varamenn og fela þeim hlutdeild í stjórnunarstörfum eftir því sem þörf krefur. Verði sæti nefndarmanns autt vegna þess að hann óskar að ganga úr stjórninni eða vegna burtflutnings eða dauða fyllir nefndin sjálf skarðið með því að setja til bráðabirgða eða skipa til fulls mann í sæti það, sem laust hefir orðið.

#### 5. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Peningar þeir, sem Grund kann að eiga eða eignast, skulu jafnóðum ávaxtaðir á þann hátt sem stjórnendur meta hagfelldastan á hverjum tíma.

### 2. gr.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Grund staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 8. nóvember 2018,*

**Björn Ingi Óskarsson.**

*Auður Steingrimsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2018